



Félagsfundur 1

Samtök um sögutengda ferðapjónustu - SSF

Haldinn í Reykholti 23.-24. nóvember 2006.

Mætt: Anna Heiða Guðrúnardóttir, Askur og Embla
Anna Vilborg Einarsdóttir, Leiðsöguskóla Íslands
Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu, stjórnarmaður SSF
Beate Stormo, handverkskona
Bergur Þorgeirsson, Snorrastofu
Dagný Emilsdóttir, Snorrastofu
Elías Gíslason, Ferðamálastofu á Akureyri
Evy Beate Tvetter, Snorrastofu
Geir Waage, Reykholti
Gísli Sverrir Árnason, ráðgjafi
Gudrun Kloes, Grettistaki
Gunnar Bollason, Fornleifavernd ríkisins
Gunnar Marel Eggertsson, Íslendingur ehf, stjórnarmaður SSF
Haukur Suska Garðarsson, Vatnsdæluverkefnið
Helga H. Ágústsdóttir, Eiriksstöðum, stjórnarmaður SSF
Helmut Lugmayr, þýðandi og leiðsögumaður
Hermann Ottósson, Útflutningsráði Íslands
Hólmfríður Ingólfssdóttir, Skálholti
Karl Sigurgeirsson, Grettistaki
Kjartan Ragnarsson, Landnámssetri Íslands
Kristín Sóley Björnsdóttir, Gásaverkefninu, ritari SSF
Kristín Huld Sigurðardóttir, Fornleifavernd ríkisins
Lára G. Oddsdóttir, Félagi áhugamanna um Hrafnkelssögu
Marta Hildur Richter, Mosfellsbæ
Ólafur J. Engilbertsson, Snjáfjallasetri og Sögumiðlun
Pétur Jónsson, Grettistaki, stjórnarmaður SSF
Pétur Rafnsson, verkefnisstjóri hjá Ferðamálastofu í Reykjavík
Rögnvaldur Guðmundsson, formaður SSF
Sigrún Ragnarsdóttir, Sögusetrinu á Hvolsvelli
Sigurður Ólafsson, Félagi áhugamanna um Hrafnkelssögu.
Skúli Björn Gunnarsson, Félagi áhugamanna um Hrafnkelssögu, gjaldkeri SSF
Steinunn Harðardóttir, dagskrárgerðarmaður á RÚV

1. Erindi

Fundurinn hófst kl. 15.00 með eftirtöldum erindum:

- Bergur Þorgeirsson forstöðumaður Snorrastofu kynnti Reykholt og framtíðarhugmyndir þar. M.a. hugmyndir um að efla svæðið í heild, byggja upp minjagarð og efla miðaldasýningu.
- Rögnvaldur Guðmundsson formaður SSF kynnti samtökin, adraganda og áform.

- Pétur Rafnsson, verkefnisstjóri hjá Ferðamálastofu fjallaði um Sögutengda ferðaþjónustu, samstarf og gæði.
- Kjartan Ragnarsson, Landnámssetrinu í Borgarnesi kynnti Landnámssetrið og aðdragandann að stofun þess.

Kristín Huld Sigurðardóttir frá Fornleifavernd ríkisins var á fundinum og minnti á lög um fornleifavernd og mikilvægi samvinnu við stofnunina.

3. Kynning á þátttakendum

Þátttakendur kynntu sig og sitt. Stöðu mála.

4. Hópastarf

Fundarmönnum var skipt í eftirtalda hópa og voru hópstjórar og ritarar í hverjum þeirra:

- Markaðs- og kynningarmál
- Fræðslu- og gæðamál
- Hátíðir
- Handverk og minjagripir

5. Staðarleiðsögn

Að loknum fundi fyrri daginn voru kirkjur Reykholts skoðaðar undir leiðsögn Sr. Geirs Waage.

6. Niðurstöður hópstarfs

Að morgni síðari dags voru niðurstöður hópanna kynntar og ræddar. Sjá niðurstöður í viðauka.

7. Útflutningsráð Íslands

Hermann Ottósson frá Útflutningsráði Íslands kynnti starfsemi ráðsing og þá þætti starfseminnar sem gæti tengst framtíðaráformum og þróun SSF. Kynnti m.a. HH verkefni ráðsins ("Hagvöxtur á Heimaslóð") sem m.a. All Senses verkefnið á Vesturlandi er spröttið úr. Kynnti einnig Upplýsingaþjónustu Útflutningsráðs, Vörusýningaþjónustu, þjónustu viðskiptafulltrúa í sendiráðum o.fl.

8. Fjármál SSF

Skúli Björn Gunnarsson, gjaldkeri kynnti fjárhagsstöðu samtakanna. Staðan er nokkuð góð og flestir hafa greitt árgjald og kynningargjald fyrir 2006. Bæklingurinn er greiddur en heimasíðan og Vestnorden kynningin var viðbót miðað við upphaglega kynningaráætlun. Sótt var um styrkt til fjárlaganefndar fyrir árið 2007 og fengust tvær milljónir króna. Sótt var um styrk í Átak til atvinnusköpunar og er beðið svars. Samtökin hafa verið kynnt í viðtali við viðskiptaráðherra og deildarstjóra í ráðuneytinu.

8. Næsti félagsfundur

Samþykkt var að halda næsta félagsfund SSF að Skriðuklaustri í Fljótssdal 23.-24. mars n.k.

9. Snorrastofa og Landnámssetrið í Borgarnesi

Að loknum fundi var farið í staðarskoðun um Snorrastofu og síðan heimsókn í Landnámssetrið í Borgarnesi.

VIÐAUKI

Niðurstöður hópstarfs og umræður

Hópur 1 - Markaðs- og kynningarmál

Bæklingar

Núverandi bæklingar hafa fengið góð viðbrögð. Dreifing góð en þarf að kanna betur og fylgjast með

Bókasöfn ættu að vera dreifingarstaðir og Íslendingar sækja þangað upplýsingar fyrir ferðalög

Hve oft á að gefa bæklingana úr fer eftir því hverjir bætast inn.

Þarf að koma inn þýsku sem fyrst

Þarf að endurskoða vel fyrir næstu útgáfur.

Bækur

Hugmynd um útgáfu á sögum sérstaklega miðaðar fyrir ferðamenn. Sameiginleg hönnun?

Penguin útgáfan á Íslendingasögunum er mjög góð í sölu

Erfitt að fá önnur tungumál en ensku. SSF gæti staðið fyrir því að birgjar hefðu þær tiltækar.

Útdrættir eða endursagnir gætu verið hugsanleg útgáfa

(Skoða útgáfu Námsgagnastofnunar og Biskupsstofu á bæklingum um biskupsstólana)

Leiðarvísir um SSF-slóðina.

Auglýsingar

Auglýsa sameiginlega.

Leiknar útvarpsauglýsingar? Næsta markaðsátak að hafa markvissar útvarpsauglýsingar sumarið 2007, undirritaðar af SSF eða sagatrails.is

Auglýsa erlendis. Icelandair gæti verið reiðubúin til samstarfs

Vera frekar þátttakendur í almennri kynningu Ferðamálastofu

Auglýsa hérlendis. Kanna með sameiginlega auglýsingu í Á ferð um Ísland/ Around

Iceland/Rundt um Ísland. Ein opna fyrir alla með upplýsingum um alla staðina sem eru í bæklingnum. Fá líka umfjöllun í Around Iceland....

Vefurinn

Hvaða tungumál? Þýska. Ekki nauðsynlegt með Norðurlandamál strax, Suður-Evrópu mál, franska? Upplýsingarbæklingar útprentanlegar af netinu á fleiri tungumálum.

Hvað á að vera þar meira inni?

Á hann að vera fréttavefur fyrir samtökin líka? Erfitt í framkvæmd.

Samskiptavefur ekki æskilegur. Búa frekar til póstlista.

Nauðsynlegt að hafa dagatal með viðburðum. Sumar og vetrardagatal. Hver og einn ber ábyrgð á að senda inn sína viðburði.

PR-fjölmiðlaumfjöllun

Heimildarþættir í sjónvarpi.

Lesbókin og aðrir fjölmiðlar með umfjöllun um sögutengdar sýningar.
RÚV. Leiðsögumenn - dreifibréf þeirra og heimasíða þeirra. Senda þeim grein.
SSF gæti staðið fyrir markvissu pr-átaki með kynningu

Þátttaka í kaupstefnum

Vestnorden áfram o.fl.

Hópur 2 - Fræðslu- og gæðamál

Mikilvæg að SSF séu að vera trúverðug samtök. Í því sambandi þarf að skoða útgáfu og alla kynningu á vegum samtakanna. Hafa texta og ljósmyndir í samræmi við efni og aðstæður, hafa opnunartíma rétta o.s.frv. Varast hástemmd lýsingarorð. Áreiðanleikinn verður að vera mikill.

Útbúa gátlista fyrir fyrirtækin í samtökunum. Markmiðið með þeim væri að útbúa upplýsingar um hvert fyrirtæki fyrir sig, að það skilgreindi sig innan ákveðinna marka. Þar sem kæmi fram hvað gesturinn fær á hverjum stað.

Ferðamálastofa á Akureyri vill koma að vinnu við viðmið. Sbr. leiðbeiningar fyrir upplýsingamiðstöðvar á vef Ferðamálastofu. Hlutlægu þættina er hægt að mæla og laga. Erfiðara með þá huglægu. Skoða vel.

Merking staða innan samtakanna, verður að vera tákn fyrir eitthvað sem samtökin eiga sameiginlegt í gæðum. Vísanir ábending á milli staða, í hvaða formi ættu þær að vera?

Hópur 3 – Hátíðir

Þurfa að vera aðgengilegar upplýsingar um hátíðir á vef SSF – www.sagatrail.is
Útbúa handbók og/eða gátlista um hvernig á að undirbúa, skipuleggja og halda hátíð.
Nýta þarf sérstöðu hvers staðar/svæðisog hátíðir mega ekki vera of líkar.
Víkingar og miðaldafólk, hópar sem fara á milli.
Skoða sameiginleg af buningum, tjöldum o.fl.
Heimsækja og kynna sér aðrar hátíðir, heima og erlendis
Það eru til landssamtök um hátíðir og menningarviðburði. Tengjast þeim.

Söguhátíð SSF

- E.t.v. annað hvert ár haldin fjölskylduhátíð á vegum SSF félaga með dagskrá, sviði og með fræðilegu ívafi. Gæði í öndvegi.
- Í einum landshluta í senn
- Eitthvað sem gæti orðið aðdráttarafi í framtíðinni eins og Landsmót hestamanna.

Hópur 3 – Handverk og minjagripir

Skilja á milli gæðahandverks vöru og minjagripa. Umbúðir og fleira spilar inn í.
Skapa samstöðu um að hafa vandaða gripi til sölu á stöðum SSF.
Gæðahópur, gæðastimpill á þá vöru sem er viðurkennd. Eitthvað sem skilur hlutina frá ódýrari eftirlíkingum.

Umræður og hugmyndir

Koma á meiri samræðu milli fornleifafraeðinga og ferðaþjónustu. Mikilvægi fornleifastaða við uppbyggingar sögutengdrar ferðaþjónustu. SSF gæti tekið þetta upp á sína arma.

Forleifar og miðlun – málþing.

SSF stuðli að meiri á áherslu á sögutengda ferðaþjónustu í landkynningu, m.a. við val á myndefni o.fl.

Útgáfur á fræðiritum.

Passi (griðabréf?) þar sem þú færð stimpil á hverjum stað og afslátturinn eykst eftir því sem þú færð fleiri stimpil. Gæti líka verið hópafsláttur ef maður er kominn með passann. Þetta þarf að taka til umræðu og nást sameiginleg niðurstaða. Tengja hann við börn, ratleikur eða eitthvað annað í tengslum. Stimplar, lógó, - minjagripur. Útfæra.

Barmmerki á starfsfólk. Starfsfólk á hverjum stað sem er aðili að SSF verði með merki SSF

Lógóið sýnilegt á hverjum stað. Fáni SSF? Merkingar á áberandi stað

Rúllandi myndefni, kynning á SSF/www.sagatrail.is og félagsmönnum

Rannsóknir og kannanir. Þarf að hafa í könnunum spurningar sem gefa okkur til kynna hvort að fólk sé að fara á marga eða fáa staði af SSF stöðum.

Kanna verð á fánum með merki samtakanna.

Allir sem verða með í kynningarefninu leggi árlega í púkkið eins og 2006.

Tímabil SSF – til loka miðalda (1500) en ekki útvíkka það að svo stöddu. Siðaskipti / klausturmenningu líkur við siðaskipti